



HÉRAÐSSKJALASAFN AUSTFIRÐINGA

Fjarðabyggð
Hafnargata 2
730 Reyðarfjörður

Egilsstaðir 30. september 2024

Efni: Fjárframlög til Héraðsskjalasafns Austfirðinga

Á stjórnarfundi Héraðsskjalasafns Austfirðinga sem haldinn var 11. september sl. var staða fjármála safnsins rædd og samþykkt samhljóða að beina erindi til sveitarfélaganna Fjarðabyggðar og Múlabings og óska eftir viðbótar fjárframlagi til að rétta af rekstur safnsins þannig að hann væri í jafnvægi til framtíðar litið. Er um að ræða kostnað sem lagðist til á þessu ári sem ekki var gert ráð fyrir í tengslum við fjárhagsáætlunargerð og eins til uppgreiðslu á yfirdráttarláni sem verið hefur vegna rekstrarhalla frá fyrri árum. Kappkostað hefur verið að greiða upp þann halla á liðnum tveim árum með hagræðingum í rekstri og tókst að lækka hann um helming. Ekki er hægt að ná frekari árangri í því án þess að ganga á þjónustu safnsins sem er nú alveg við þau mörk sem þess er ætlað í störfum sínum samkvæmt samþykktum þess.

Fljótsdalshreppur og Vopnafjarðarhreppur hafa þegar samþykkt að leggja safninu til viðbótarframlag í samræmi við þessa beiðni.

Stjórn leggur áherslu á að fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Austfirðinga hefur ávallt verið stillt í hof og leitast við að grunnrekstrarframlög aðildarsveitarfélaganna séu eins lág og framast er kostur. Að jafnaði er talið rétt og eðlilegt að byggðasamlög líkt og Héraðsskjalasafn Austfirðinga, sé rekin sem næst núlli, safni ekki sjóðum en séu vitaskuld ekki rekin með tapi.

Grunnrekstrarframlög eru hins vegar langstærsti hluti þess fjár sem safnið hefur úr að moða árlega, möguleikar til öflunar sértekna eru takmarkaðir og oftast nær koma aðrar tekjur úr samkeppnissjóðum sem ekki er hægt að ganga út frá að náist framlag úr á hverju ári. Við þessar aðstæður þarf ekki mikið út af að bregða til að taprekstur verði.

Það er ákvörðun sveitarfélaganna sem að safninu standa hvernig fjármögnun þess er. Að mati stjórnar þurfa aðildarsveitarfélög að leggja safninu til fjármuni til að mæta búsisfjum í rekstri úr því að ekki er gert ráð fyrir að byggja upp sjóð innan byggðasamlagsins til að mæta slíkum

áföllum. Það er einnig mat stjórnarinnar eftir að hafa rýnt reksturinn að ekki sé frekari möguleikar til að mæta fjárförf úr óbreyttum rekstri. Þá vill stjórn því vekja athygli á þessum vanda nú til að hann vefji ekki upp á sig til framtíðar litið enda mikilvægt að rekstur byggðarsamlaga sé í jafnvægi frá ári til árs.

Stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga fer því fram á að Fjarðabyggð og Múlaping leggji hvort um sig fram kr. 500.000 á yfirstandandi ári til að mæta ófyrirséðum útgjöldum ársins. Er þar fyrst og fremst um að ræða kaup á umbúðum til geymslu skjala sem gerð var í samvinnu við önnur söfn til að ná sem bestum verðum, kostnaður við þróun rafrænnar skjalavörslu til að gera sveitarfélögum kleift að skila í slíku formi og endurnýjun á tölvubúnaði vegna starfsmannabreytinga.

Ef áðurnefnd sveitarfélög samþykkja þetta framlag þá hefur náðst utan um lausafjórðunda safnsins á árinu 2024. Áframhaldandi þróun á rafrænum skilum skjala sem fer að hefjast frá sveitarfélögunum verður svo komið fyrir innan fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025. Hinir tveir liðirnir voru einskiptiskostnaður.

Hvað varðar framlag til að mæta eldri rekstrarhalla þá voru rekstrarárin 2020-2022 safninu óhagstæð. Tap af rekstri, að frátalinni reiknaðri húsaleigu, var árið 2020 um 1,7 milljónir, um 3,5 milljónir árið 2021 og um 1,8 milljónir árið 2022. Endanlegur ársreikningur liggur ekki fyrir vegna 2023 en gert er ráð fyrir að afkoma það ár hafi verið nærri núlli sem hefur verið markmið stjórnar og framkvæmdastjórnar að rétta af rekstur þess að nýju. Vegna slæmrar afkomu þessi þrjú ár þurfti að samþykkja að taka yfirdráttarlán að fjárhæð kr. 4.000.000. Undanfarin tvö ár hefur verið leitast við að greiða þann yfirdrátt niður en hann stendur í kr. 2.000.000 í dag og eins og áður sagði er það stjórnar að ekki sé hægt að ná skuldinni frekar niður miðað við að halda úti þeirri starfsemi sem samþykktir safnsins og hlutverk ætlast til.

Stjórn fer því fram á við Fjarðabyggð og Múlaping að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025 þá geri þau hvort um sig ráð fyrir viðbótarframlagi, umfram grunnrekstrarframlag, að fjárhæð kr. 1.000.000 til að greiða upp framangreint yfirdráttarlán og koma rekstri byggðarsamlagsins í jafnvægi að nýju. Eins og áður segir þá hafa Fljótsdalshreppur og Vopnafjarðarhreppur samþykkt að greiða sinn hluta að fullu á árinu 2024.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar safnsins

(sign)

Jón Björn Hákonarson, formaður